



Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2020

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2020, haldinn þriðjudaginn 2. júní 2020 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík, fundurinn hófst eins og boðað var kl: 16:00.

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri hjá Lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 2. maí. Einnig var sett tilkynning á vef sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmætan. Þetta er fyrsti ársfundur sjóðsins þar sem fulltrúaráð situr fundinn og fer með atkvæðisrétt. Fulltrúaráð er skipað 25 fulltrúum frá VR, 23 fulltrúum frá Samtökum atvinnulífsins og 2 fulltrúum frá Félagi atvinnurekenda.

Því næst var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2019, ásamt því sem hann gerði grein fyrir tryggingarfræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020, ásamt því sem hann gerði grein fyrir skipan stjórnar og skipun fulltrúaráðs. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.

3. Hluthafastefna og samfélagsskýrsla

Tómas N. Möller lögfræðingur sjóðsins gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og kynnti nýja samfélagsskýrslu lífeyrissjóðsins sem birt er í fyrsta skipti með formlegum hætti í ársskýrslunni. Yfirferð hans er að finna í fylgiriti með fundargerðinni. Hluthafastefnuna er að finna á vef sjóðsins, live.is.

4. Starfskjarastefna

Stefán Sveinbjörnsson, lagði fram starfskjarastefnu lífeyrissjóðsins. Henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og traustan rekstur og veita sjóðfélögum góða þjónustu. Einnig er henni ætlað að styðja við að sjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og að rekstur sjóðsins sé samkeppnisfær og hafi svigrúm til að veita samkeppnishæf laun. Hún er í fylgiriti með fundargerðinni.

Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

5. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 5.17 í samþykktum sjóðsins stendur; Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.

Tilnefningar:

- Margrét Sanders, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
- Ólafur Stephensen, tilnefndur af Félagi atvinnurekenda
- Svanhildur Þórsteinsdóttir, tilnefnd af VR
- Stefán Sveinbjörnsson, tilnefndur af VR

Varamenn:

- Harpa Sævardóttir, tilnefnd af VR
- Margrét Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum

6. Tillögur að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd

Stefán Sveinbjörnsson gerði grein fyrir tillögu að stjórnarlaunum.

- Laun aðalmanns verða kr. 184.350 á mánuði, hækka úr kr. 179.850.
- Laun stjórnarformanns verða tvöföld laun aðalmanns.
- Laun varaformanns verða ein og hálf laun aðalmanns.

Varamenn frá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja. Þá fá varamenn greiddar kr. 27.652 á mánuði. Því til viðbótar fá þeir varamenn sem fara í hæfismat á vegum sjóðsins með þeim hætti að þeir fara í viðtal hjá matsnefnd Fjármálaeftirlitsins greidd einföld laun aðalmanns. Í tengslum við greiðslur til varamanna var m.a. litið til þess að gera mætti ráð fyrir því að stjórnarmenn gætu í auknum mæli þurft að fylgjast með störfum sjóðsins og eftir atvikum gögnum sem varða störf stjórnar.


9. Önnur mál

Þorvarður Bergmann Kjartansson í stjórn VR gerði athugasemd við hluthafastefnu LV um atkvæðarétt. – Hann spyr hvað með hagsmuni sjóðfélaga? Það getur verið auðvelt að taka ákvörðun sem er jákvæð gagnvart hagsmunum sjóðsins sem fjárfesti, en á sama tíma neikvæður gagnvart hagsmunum sjóðfélaga.

Fundi slitið kl 17:08.



Ólafur Gústafsson
fundarstjóri



Gerður Björk Guðjónsdóttir
fundarritari